

# Skólaráðsfundur GRV

Kl. 11:00 mánudagur 18. des 2017

**Mættir voru: Erlingur, Helga Jóhanna, Ingunn, Andrea, Sigurlína, Ásdís, Kristín, Sindri, Ragnheiður, Bragi, Fríða Hrönn**

**Leyfi/veikir: Leó (nemandi), Kolbrún Kjartansd., Hrefna Óskarsd., Daði Páls., (Aðalmenn og varamenn voru boðaðir)**

**Ritari: Ásdís Steinunn Tómasdóttir**

## **1.mál - Fjárhagsstaða og rekstraráætlun**

Staðan í dag

Rekstraráætlun og úthlutun

Skólastjóri fór yfir kostnaðaráætlun, útskýrði sína "lykla".

## **2.mál- Ástand skólahúsnæðis og lóða**

Hamarsskóli

Barnaskóli

Farið var yfir ástand skólalóða.

Ráðið er sammála um að ástand skólalóða sé til skammar. Vilja benda á að þetta er og ætti að vera almennings útisvæði. Eftir að skóla lýkur og þegar honum er lokað þá eru þessar lóðir nýttar af börnum, ungmennum, bæjarbúum og gestum og því ætti að hugsa vel um lóðirnar. Ráðinu er einnig umhugað um að fagaðili (landslagsarkitekt) sjái um hönnun skólalóðanna í samráði við starfsfólk og nemendur skólanna. Ráðið vill einnig benda á að það þurfi að hugsa um gæði umfram magn. Hafa allt í huga, dren, hæðapunkta, stærð og að lóðirnar verði viðhaldslitlar.

Farið var yfir loftgæði í báðum skólahúsum. Loftplötur og loftræstikerfi þarfnast skoðunar eða endurnýjunar. Ráðið óskar eftir upplýsingum um loftgæði innan skólahúsanna. Koma fyrir loftgæðamælum og koma eftirlit með loftgæðum í eðlilegan farveg.

## **3.mál-Niðurstöður samræmda könnunarprófa í 4. og 7. bekk**

Ráðið almennt ánægt með að það sjáist framför milli ára og milli prófa frá 4. og upp í 7. bekk. Bæði 4. og 7. bekkur eru yfir landsmeðaltali.

Ábending um að við ættum kannski að setja ný markmið.

Ábending um að talað sé um að það hafi verið landlægt brot í stærðfræðinni í 7. bekk.

Hugleiðing um hvort að lestrarstefnan hafi verið sett á eftir 4. bekk (nú 7. bekk).

#### **4.mál - Skólapúlsinn**

Skólapúlsinn líðan nemenda, einelti, bekkjarandi o. fl. – mælingar í september og október.

*Ráðið hefur áhyggjur af því að hegðunarvandi nemenda sé of tímafrekur fyrir kennara og stjórnendur skóla. Greining hegðunar og vanda nemenda liggur of mikið á kennurum og stjórnendum. Það bráðvantar að efla stoðkerfi GRV. Það er til dæmis enginn skólasálfræðingur starfandi í GRV, stoðkerfið er of veikt. Hegðun nemenda er ákall. Ráðið leggur mikla áherslu á að það þurfi að styrkja stoðþjónustu GRV, þetta ástand er ekki boðlegt.*

*Ráðið kallar á nefnd sem fer yfir þörf á stöðugildum annarra starfsmanna og skoði til dæmis breytingar milli ára og árganga, hvar þörfin sé.*

*Ábending kom um að í BS væri hjúkrunarfræðingurinn staddur of langt frá unglingsdeildinni.*

*Ábending kom um að það vantaði bókasafnsfræðing á skólasöfnin.*

*Ábending kom um að hafa bókasöfnin opin í frímínútum nemenda.*

*Ánægja af lestri minnkar.*

*Ábending um að það vanti meiri hvatningu á skólasöfnin. Vantar hvatningu til að taka bækur, skoða bækur, auka áhuga og gleði í lestri.*

*Ábending um að skoða til dæmis bókavalið á BS safninu.*

*Það að 7,2% nemenda hafa orðið fyrir einelti er mjög sjokkerandi, þetta þarf að taka alvarlega - bendum á umræðu um stoðkerfi skólanna.*

*Ráðið ætlar að kynna sér tölur skólapúlsins betur fyrir næsta fund.*

#### **5. mál - Næsti fundur**

*22. janúar 2018*

Fundi slitið klukkan 12:30.